



Fundargerð stjórnar SOS nr. 342

Staður: Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 12. janúar kl. 13:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SASS.

1. Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS).

Farið ýmis atriði vegna undirbúnings fyrir aukaaðalfund SOS v. fyrirtöku mála v. breytinga á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Á síðasta fundi stjórnar var bókað um fyrirhugaða tímasetningu aukaaðalfundarins þann 16. janúar 2026 kl. 11:00 í fjarfundarbúnaði. Farið er yfir og samþykkt uppfærð drög að dagskrá aukaaðalfundarins og fyrirkomulag kynninga á erindum. Stjórn samþykkir að fá Torfa Ragnar Sigurðsson hrl., Lögmönnum Suðurlandi, inn á aukaaðalfundinn til að fara yfir fyrirliggjandi tillögur að samþykktum, viðauka við fjárhagsáætlun og fyrirliggjandi drög að nýjum samningi við SASS.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fyrirhugað er að næsti fundur nýrrar stjórnar SOS verði haldinn að afloknum fyrirhuguðum aukaaðalfundi SOS þann 16. janúar nk.

Fundi slitið klukkan 13:45.